

**Nefndasvið Alþingis  
Félags – og tryggingamálanefnd  
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

Reykjavík, 25. nóvember 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um málsvara fyrir aldraða (18. mál).

*Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar sem felur í sér að komið verði á þjónustu sem sinni hagsmunagæslu fyrir aldraða.*

Að mati Viðskiptaráðs er ákjósanlegra að fara þá leið sem fjallað er um í fylgiskjali tillögunnar, þ.e. að fela sveitarfélögum að sinna réttindagæslu fyrir aldraða líkt og þau gera nú fyrir fatlaða. Ástæðan er sú að starfsmenn sveitarfélaga hafa viðamikla þekkingu á þessum málaflokki og reynslu á sviði hagsmunagæslu fyrir tiltekna hópa. Með því ætti að skapast mun minni tilkostnaður en með stofnun sérstaks embættis.

Að auki er mikilvægara fyrir aldraða en flesta að hafa greiðan aðgang að þeim einstaklingum sem sinna hagsmunagæslu fyrir þá þar sem hinn rafræni samskiptamáti er sjaldnar notaður meðal þess hóps. Aldraðir eiga auðveldara með að koma sínum sjónarmiðum, ábendingum og athugasemdum á framfæri ef starfsmönnum sveitarfélaga er falin gæsla hagsmuna þeirra.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga í samræmi við ofangreindar athugasemdir.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs